



Starf Ferðamálaráðs Íslands
á sviði umhverfismála

Nýjar áherslur



Nýjar áherslur í starfi Ferðamálaráðs Íslands á sviði umhverfismála

Verkefni Ferðamálaráðs
samkvæmt lögum

Umhverfismál eru samkvæmt lögum um skipulag ferðamála eitt af verkefnum Ferðamálaráðs Íslands. Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfsemi ráðsins á þessu sviði, hver eru helstu verkefni, hvernig starfið er skipulagt, hvaða fjármunum er úr að spila og kynntar nýjar áherslur eða verklag sem nú er farið að vinna eftir. Í byrjun er þó ef til vill gagnlegt að velta fyrir sér hvers vegna umhverfismál eru eitt af verkefnum Ferðamálaráðs.

Áhugi á landi og náttúru
er yfirgnæfandi þáttur

Náttúran í fyrsta sæti

Ljóst má vera að íslensk náttúra er helsta aðdráttarafl ferðamanna sem til landsins koma. Í því sambandi má til dæmis vísa í könnun sem Ferðamálaráð Íslands gerir reglulega á meðal erlendra ferðamanna. Niðurstöður könnunar frá síðasta sumri sýna að þegar gestir eru beðnir um að nefna þætti sem höfðu áhrif á ákvörðun um Íslandsferð tiltaka tæplega 80% íslenska náttúru. Áhugi á landi og náttúru er einnig yfirgnæfandi þáttur þegar spurt er um hvaðan fólk fékk hugmyndina að Íslandsferð sinni og þá þarf ekki að koma á óvart að í ferðalok er náttúran það sem ferðalangar hafa jákvæðast viðhorf til, af þeim þáttum sem spurt var um.

Fjöregg
ferðaþjónustunnar

Af þessu má sjá að ekki er ofmælt þegar talað er um náttúruna sem fjöregg íslenskrar ferðaþjónustu. Jafn ljóst er að öll umferð um landið, ferðamanna sem annarra, veldur álagi á landið og því afar mikilvægt að við skipulag ferðamála sé hugað að umhverfismálum.

Fjölþætt starfsemi

Ferðamálaráð Íslands hefur á liðnum árum sinnt fjölþættri starfsemi á sviði umhverfismála. Þar má til dæmis nefna:

- *Framkvæmdir á fjölsóttum ferðamannastöðum*
- *Úthlutun styrkja til þeirra sem vinna að úrbótum í umhverfismálum á ferðamannastöðum*
- *Fræðslustarf, svo sem útgáfu leiðbeiningar- og fræðslurita*
- *Ráðgjöf*
- *Einstök verkefni, til dæmis hreinsun hálendisleiða*

Tveir þættir viðamestir

Af þessum þáttum hafa tveir þeir efstu verið sínu fyrirferðarmestir. Þannig hefur Ferðamálaráð annars vegar haft **forgöngu um og umsjón með úrbótum á fjölsóttum ferðamannastöðum**, oft í samvinnu við aðra, svo sem sveitarfélög á viðkomandi svæði, Vegagerðina og Umhverfisstofnun. Þarna hafa jafnan verið um að ræða nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir. Hins vegar úthlutar Ferðamálaráð

árlega styrkjum til þeirra sem vinna að úrbótum í umhverfismálum á ferðamannastöðum.

Í þessu sambandi er einnig vert að nefna að Ferðamálaráð hefur sett sér umhverfisstefnu til að vinna eftir. Þá hefur stofnunin haft forgöngu um rannsókn á þolmörkum ferðamennsku á fimm vinsælum ferðamannastöðum með það að markmiði að bæta aðgengi fyrir ferðamenn, vernda landið og uppfylla væntingar ferðamanna, íslenskra sem erlendra.

Framkvæmdir á fjölsóttum ferðamannastöðum

Nú er rétt um áratugur síðan Ferðamálaráð Íslands hóf undirbúning að fyrstu framkvæmdunum á sínum vegum á fjölsóttum ferðamannastöðum. Árið 1994 skipaði samgönguráðherra verkefnisstjórn sem gerði úttekt á fjölsóttum ferðamannastöðum um allt land og kom með tillögur að úrbótum. Í framhaldi af þeirri vinnu var úthlutað fjárveitingu frá Alþingi og Ferðamálaráði falið að fylgja verkefnum eftir.

Verkefnisstjórn gerði tillögur að úrbótum

Framkvæmdir á 39 stöðum að núvirði 245 milljónir króna

Með samstilltu átaki hefur náðst verulegur árangur

Á þeim árum sem síðan eru liðin hefur Ferðamálaráð staðið fyrir eða komið að framkvæmdum á 39 stöðum. Á korti sem fylgir hér með má sjá hverjir þessir staðir eru. Ljóst þótti að til að ná árangri þyrftu að koma til auknir fjármunir og hafa fjárveitingar aukist ár frá ári. Samtals hefur verið varið tæplega 245 milljónum króna á núvirði til þessara framkvæmda frá árinu 1995. Sem fyrr segir hafa framkvæmdirnar gjarnan verið unnar í samvinnu við aðrar stofnanir eða heimamenn sem þá leggja fé á móti því sem Ferðamálaráð hefur úr að spila. Þannig hefur með samstilltu átaki náðst verulegur árangur í bættu aðgengi að fjölsóttum ferðamannastöðum, samhliða því sem stuðlað er að verndun náttúrunnar. Ef ekkert er að gert er hætt við að umhverfi á fjölsóttum ferðamannastöðum láti verulega á sjá á tiltölulega skömmum tíma. Með framkvæmdum á vegum Ferðamálaráðs hefur hins vegar tekist að bæta skaða sem þegar hefur orðið á viðkomandi stöðum, komið hefur verið í veg fyrir frekari skemmdir en samhliða hefur aðgengi ferðafólks batnað.

Styrkir til umhverfismála

Úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum hafa sem fyrr segir verið önnur meginstöðin í starfi Ferðamálaráðs á sviði umhverfismála. Hinn þátturinn er styrkir sem úthlutað hefur verið til framkvæmda á vegum einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og sveitarfélaga. Styrkir þessir hafa verið veittir til gönguleiðamerkinga, stígagerðar, skiltagerðar og til að koma upp salernisaðstöðu, svo eitthvað sé nefnt. Auglýst hefur verið eftir styrkjum í byrjun hvers árs og hefur samanlögð upphæð styrkumsókna jafnan verið margföld sú upphæð sem er til ráðstöfunar. Svo dæmi sé tekið frá síðasta ári þá bárust 160 umsóknir þar sem sótt var um styrki til um 180 verkefna. Til úthlutunar voru 10 milljónir króna en alls nam heildarupphæð styrkumsókna 125 milljónum króna.

Styrkveitingar hafa verið annar meginþáttur umhverfisstarfsins

200 styrkir að núvirði 52 milljónum króna - listi á vef Ferðamálaráðs

Úthlutun styrkja hefur farið fram árlega frá árinu 1995 og hefur samtals tæplega 200 styrkjum verið úthlutað á þeim tíma að núvirði tæplega 52 milljónir króna. Listi yfir styrkþega og upplýsingar um þau

verkefni sem þeir hafa unnið að er að finna á vef Ferðamálaráðs www.ferdamalarad.is. Hér meðfylgjandi er hins vegar kort af Íslandi þar sem búið er að merkja inn hvar á landinu framkvæmdirnar hafa verið.

Bróðurparti fjármuna
úthlutað í styrkjaformi

Breyttar áherslur - nýtt verklag

Það að meginþunginn í starfinu hefur verið á áðurnefnda tvo þætti felur jafnframt í sér að til þeirra hefur bróðurpartinum af fjárveitingu Ferðamálaráðs til umhverfismála verið varið. Hefur um fimmtungi upphæðarinnar verið varið í styrki til úrbóta á ferðamannastöðum en afgangurinn hefur farið í framkvæmdir á fjölsóttum ferðamannastöðum þar sem Ferðamálaráð hefur sjálft séð um verkið, í samvinnu við fleiri aðila.

Á fundi Ferðamálaráðs í október síðastliðnum var samþykkt nýtt verklag varðandi útdeilingu þeirra fjármuna sem varið er til umhverfismála af hálfu stofnunarinnar. Meginbreytingin felst í því að bróðurparti fjármunanna verði úthlutað í styrkjaformi. Með þessari nýju leið er verið að leitast við að nýta sem best útsjónarsemi þeirra sem að viðkomandi verki standa og um leið að auka ábyrgð þeirra.

Um 40 milljónir - 3
meginflokkar

Fyrir árið 2004 verður úthlutað um 40 milljónum króna og skiptist upphæðin í þrjú meginflokkar:

1. Til minni verkefna:

Úthlutað verður til minni verkefna í umhverfismálum þar sem áhersla verður lögð á uppbyggingu gönguleiða. Eingöngu verða veittir styrkir til efniskaupa. Hámarksupphæð hvers styrks verður 500 þúsund krónur. Til ráðstöfunar eru samtals um 10 milljónir króna.

2. Til stærri verkefna á fjölsóttum ferðamannastöðum:

Veittir verða styrkir til tveggja stærri verkefna þar sem umsækjendur stýra framkvæmdum og svæðin verða í umsjón eða eigu styrkþega eftir að framkvæmdum lýkur. Til ráðstöfunar eru samtals um 15 milljónir króna. Þegar til úthlutunar kemur verður stuðst við eftirfarandi vinnureglur:

- a) Um verði að ræða svæði eða staði sem verulegur fjöldi ferðamanna sækir heim.
- b) Styrkupphæð getur aldrei orðir hærri en sem nemur 75% af framkvæmdakostnaði.
- c) Einungis verða styrkt svæði þar sem fullnaðarhönnun liggur fyrir.
- d) Ferðamálaráð áskilur sér rétt til að fara yfir hönnun á viðkomandi svæði ásamt þeim forsendum sem þar liggja að baki.
- e) Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi svæðis og mannvirkja er tengjast viðkomandi framkvæmdum.
- f) Standi styrkþegi ekki við ákvæði (e) getur ekki orðið af frekari styrkveitingum til viðkomandi fyrr en að því ákvæði uppfylltu.

- g) Engu fé verður veitt til styrkþega fyrr en að undangengnum skriflegum samningi milli Ferðamálaráðs og styrkþega.

3. Til uppbyggingar á nýjum svæðum:

Veittir verða styrkir til uppbyggingar á nýjum svæðum sem skipulögð hafa verið þannig að ferðamönnum nýtist viðkomandi svæði. Til ráðstöfunar eru samtals um 15 milljónir króna. Þegar til úthlutunar kemur verður stuðst við eftirfarandi vinnureglur:

- a) Styrkuppþæð getur aldrei orðið hærri en sem nemur 75% af framkvæmdakostnaði.
- b) Einungis verða styrkt svæði þar sem samþykkt deiliskipulag liggur fyrir.
- c) Hluti af styrkuppþæð Ferðamálaráðs getur farið til verkhönnunar á viðkomandi svæði, þó aldrei meira en sem nemur 25% af styrkuppþæð.
- d) Ferðamálaráð áskilur sér rétt til að fara yfir hönnun á viðkomandi svæði ásamt þeim forsendum sem þar liggja að baki.
- e) Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi svæðis og mannvirkja er tengjast viðkomandi framkvæmdum.
- f) Standi styrkþegi ekki við ákvæði (e) getur ekki orðið af frekari styrkveitingum til viðkomandi fyrr en að því ákvæði uppfylltu.
- g) Engu fé verður veitt til styrkþega fyrr en að undangengnum skriflegum samningi milli Ferðamálaráðs og styrkþega.

Hverjir geta sótt um:

Öllum sem hagsmuna eiga að gæta er frjálst að sækja um styrk að uppfylltum ofangreindum skilyrðum. Við úthlutun verður m.a. tekið mið af ástandi og álagi svæða, og mikilvægi aðgerðanna vegna náttúruverndar. Ekki verður sérstaklega litið til dreifingar verkefna eftir landshlutum.

Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2004

Hvar ber að sækja um:

Umsóknareyðublöð eru á vef Ferðamálaráðs www.ferdamalarad.is Þar ber að fylla umsóknir út og skila með rafrænum hætti. Einnig er hægt að skila inn skriflegum umsóknum á eyðublöðum sem fást á skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands, Strandgötu 29, 600 Akureyri.

Allar nánari upplýsingar veitir Valur Þór Hilmarsson, umhverfisfulltrúi Ferðamálaráðs, í síma 461 2915 eða netfangið valur@icetourist.is

Ferðamálaráð Íslands
Styrkir til úrbóta í umhverfismálum
1995 - 2003

